



## Aðalfundur Brunatæknifélags Íslands 2014.

\*\*\*\*\*

**Aðalfundur Brunatæknifélags Íslands, haldin föstudaginn 9. maí 2014 kl 12:00 á Hótel Natura, Nauthólsvegi 52, 101 Reykjavík.**

**Mættir: Stjórn auk 17 félagsmanna.**

### **Fundargerð.**

Formaður Brunatæknifélags Íslands, Kristján Vilhelm Rúriksson, setti fund.

Kosning fundarstjóra.

Pétur Valdimarsson var kjörin fundarstjóri.

Ritari fundarins var Pétur Pétursson.

#### 1. Skýrsla stjórnar.

Formaður las skýrslu stjórnar og fór yfir helstu verkefni vetrarins.

Stjórn fundaði 9 sinnum á starfsárinu þar sem skipulagðir voru morgunverðarfundir og skoðunarferðir.

Formaður kynnti næsta morgunverðarfund 23. maí en þá kemur sænskur fyrirlesari og kynnir INSTA 950 staðalinn.

Formaður þakkaði Árna Árnasyni, gjaldkera, fyrir óeigingjarna vinnu við utanumhald um heimasíðu félagsins.

Formaður greindi frá því að Óskar Þorsteinsson, stjórnarmaður, myndi ekki gefa kost á sér aftur til stjórnarsetu en hann hefur setið í stjórn félagsins síðastliðin 10 ár, þar af sem formaður í 4 ár frá 2010. Honum voru þökkuð góð störf.

Formaður þakkaði stjórn fyrir samstarfið síðastliðið starfsár.

Engar umræður voru um skýrslu stjórnar og var hún samþykkt.

#### 2. Skýrsla gjaldkera.

Árni Árnason, gjaldkeri lagði fram ársreikning félagsins og skýrði hann fyrir fundarmönnum.

Spurt var hversu margir félagsmenn væru skráðir í félagið og hversumargir greiddu ársgjald.

Gjaldkeri greindi frá því að um 150 félagsmenn væru skráðir og eitthvað í kringum 130 af þeim hefðu greitt ársgjald þetta árið.

Eftir kynningu og umræðu var ársreikningur borinn upp til samþykktar og var hann samþykktur.

3. Kosning stjórnar.  
Formaður.  
Fjórir stjórnarmenn.  
Skoðunarmaður reikninga.

Formaður Kristján Vilhelm Rúriksson.

Stjórnarmenn Anna Málfríður Jónsdóttir.  
Árni Árnason.  
Ástvaldur Eiríksson.  
Pétur Pétursson.

Skoðunarmaður reikninga Guðrún Ólafsdóttir.

4. Ákvörðun um árgjald.  
Gjaldkeri lagði til að árgjald yrði óbreytt næsta starfsár, 3000 krónur. Það var samþykkt.

5. Önnur mál.  
Formaður bar upp erindi frá fjarstöddum félagsmanni þess efnis að morgunverðafundur félagsins verði teknir upp og vistaðir á vef félagsins.  
Málið fékk jákvæða umfjöllun og vísaði fundurinn málinu til stjórnar.

Umræða spannst um hvort leggja ætti niður fræðsluferðir sem öldungadeildin hefur séð um að skipuleggja vegna dræmrar þátttöku. Fundarmenn voru sammála um ágæti ferðanna og fræðslugildi og vildu heldur að félagsmenn yrðu hvattir frekar til þátttöku og því ætti ekki að leggja þær niður.

6. Fundarslit.  
Formaður þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og sleit fundi klukkan 13:30.